

Umsókn um leiðréttingu á fyrirframgreiddum barnabótum 2013

Vélræn ákvörðun um fyrirframgreiðslu barnabóta kann að vera röng ef skattaðili:

- A** hefur slitið hjúskap eða sambúð **C** hefur flutt til landsins á tekjuárinu
B maki býr erlendis **D** óskar eftir skattalegri heimilisfesti námsmanns

Gjaldár 2013

1. Umsækjandi

Nafn eldri maka / einstæðs foreldris	Kennitala <input type="text"/>
Nafn yngri maka	Kennitala <input type="text"/>
Lögheimili 31. des. 2012	<input type="checkbox"/> Ef umsækjandi er einstætt foreldri skal staðfesta það með því að setja X í þennan reit

2. Ástæður fyrir umsókn

Merkið x í reitinn við ástæðu umsóknar og fyllið inn viðeigandi upplýsingar

<input type="checkbox"/> Skilnaður eða sambúðarslit – óskað er eftir barnabótum sem einstætt foreldri Meðfylgjandi gögn Dags. skilnaðar eða sambúðarslita <input type="text"/> <input type="checkbox"/> Staðfesting frá sýslumanni <input type="checkbox"/> Annað, hvað _____	Tekjur á Íslandi á árinu 2012 <input type="text"/>																				
<input type="checkbox"/> Aðfluttur/brotfluttur til og frá landinu á árinu 2012 <table style="width: 100%; border: none;"> <tr> <td style="width: 20%;"></td> <td style="width: 20%;">Eldri maki / einstætt foreldri</td> <td style="width: 20%;">Yngri maki</td> <td style="width: 40%;"></td> </tr> <tr> <td>Komu- / brottfarardagur</td> <td><input type="text"/></td> <td><input type="text"/></td> <td>Eldri maki / einstætt foreldri</td> </tr> <tr> <td></td> <td></td> <td></td> <td><input type="text"/></td> </tr> <tr> <td></td> <td colspan="2" style="text-align: center;">Barns / barna ef annar en framfærenda</td> <td>Yngri maki</td> </tr> <tr> <td>Komu- / brottfarardagur</td> <td colspan="2"><input type="text"/></td> <td><input type="text"/></td> </tr> </table>		Eldri maki / einstætt foreldri	Yngri maki		Komu- / brottfarardagur	<input type="text"/>	<input type="text"/>	Eldri maki / einstætt foreldri				<input type="text"/>		Barns / barna ef annar en framfærenda		Yngri maki	Komu- / brottfarardagur	<input type="text"/>		<input type="text"/>	Tekjur á Íslandi á árinu 2012 <input type="text"/> <input type="text"/>
	Eldri maki / einstætt foreldri	Yngri maki																			
Komu- / brottfarardagur	<input type="text"/>	<input type="text"/>	Eldri maki / einstætt foreldri																		
			<input type="text"/>																		
	Barns / barna ef annar en framfærenda		Yngri maki																		
Komu- / brottfarardagur	<input type="text"/>		<input type="text"/>																		
<input type="checkbox"/> Námsmenn erlendis – skattalegt heimilisfesti Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn 1. Vottorð um nám erlendis 2. Staðfest gögn frá erlendum skattyfirvöldum um tekjur eða tekjuleysi 3. Staðfest gögn um barnabætur erlendis	Tekjur á Íslandi á árinu 2012 Eldri maki / einstætt foreldri <input type="text"/> Yngri maki <input type="text"/>																				
<input type="checkbox"/> Maki býr erlendis á árinu 2012 Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn 1. Staðfest gögn frá erlendum skattyfirvöldum um tekjur eða tekjuleysi 2. Staðfest gögn um barnabætur erlendis	Tekjur á Íslandi á árinu 2012 <input type="text"/> Tekjur erlendis á árinu 2012 <input type="text"/>																				
<input type="checkbox"/> Annað Hvað _____																					

3. Staðfesting

Með vísan til ofangreindra upplýsinga er sótt um leiðréttingu á fyrirframgreiðslu barnabóta 2012

Dagsetning

Undirskrift

Undirskrift

Sími

Skýringar

Tekjur

Barnabætur eru tekjutengdar en ekki eignatengdar. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr staðgreiðsluskrá um launatekjur framfæranda. Einnig er litið til framtalinna fjármagnstekna á síðastliðnu ári og hreinna tekna af atvinnurekstri.

Skilnaður / samvistarslit

Hafi hjón slitið samvistum fyrir árslok og samvistarslitin eru undanfari skilnaðar reiknast barnabætur eins og hjá einstæðu foreldri samkvæmt framtali þess hjóna sem barnið er skráð hjá.

Flutningur milli landa

Hjá þeim sem ekki eru búsettir á Íslandi allt árið eru barnabætur hlutfallaðar samkvæmt dvalartíma á Íslandi. Þetta á þó ekki við um námsmenn erlendis sem halda skattalegri heimilisfesti á Íslandi, þeir eiga rétt á barnabótum hér á landi að því marki sem þær eru hærrí en fengnar barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis frá.

Námsmenn erlendis

Námsmenn sem dvelja erlendis við nám geta átt rétt á barnabótum ef umsókn þeirra um skattalega heimilisfesti er samþykkt. Sótt er um skattalega heimilisfesti með framtali.

Barnabætur eru ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og sé um hjón að ræða þurfa í öllum tilvikum að liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Frá barnabótum dragast barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis. Ekki er hægt að reikna fyrirframgreiðslu fyrr en framtal liggur fyrir ásamt upplýsingum um bætur erlendis.

Barnabætur hjóna og fólks í staðfestri samvist – maki býr erlendis

Við álagningu skiptast barnabætur jafnt á milli hjóna og sama gildir um áætlaða fyrirframgreiðslu. Eigi hjón ekki sama lögheimili, vegna dvalar annars hjóna erlendis, greiðast barnabæturnar til þess foreldris sem barnið er skráð hjá enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis. Sömu reglur gilda um pör í staðfestri samvist sem hafa barn á sínu framfæri.

Úr lögum nr. 90/2003

Úr A. lið 68. gr.:

Með hverju barn innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða. Sé svo ástatt að einungis annað hjóna er skattskyld hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis. ⁽¹⁾

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann. ⁽²⁾

...

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins. ⁽³⁾

...

Barnabætur skulu ákveðnar á grundvelli skattframtals við álagningu, sbr. X. kafla. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en 2.000 kr. á hvern framfæranda á grundvelli skattframtals falla niður.

...

Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi. ⁽⁴⁾